

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 187/1999**

**frá 17. desember 1999**

**um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn**  
**um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 86. og 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 11/94 frá 12. ágúst 1994<sup>(1)</sup>.

Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. bókunar 31 við samninginn taka EFTA-ríkin fullan þátt í Umhverfisstofnun Evrópu, eins og sett er fram í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1210/90<sup>(2)</sup>.

Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1210/90 hefur verið breytt með reglugerð ráðsins (EB) nr. 933/1999 frá 29. apríl 1999 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1210/90 um stofnun Umhverfisstofnunar Evrópu og evrópsks upplýsinga- og eftirlitsnets á sviði umhverfismála<sup>(3)</sup>.

Breyta ber bókun 31 með hliðsjón af breytingunum sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 933/1999 á Umhverfisstofnun Evrópu og evrópska upplýsinga- og eftirlitskerfinu um umhverfismál.

**ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:**

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 253, 29.9.1994, bls. 34. og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 36, 29.9.1994, bls. 3.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 120, 11.5.1990, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 117, 5.5.1999, bls. 1.

*1. gr.*

Eftirfarandi bætist við í lok a-liðar 2. mgr. 3. gr. bókunar 31 við samninginn:

„, eins og henni var breytt með reglugerð ráðsins (EB) nr. 933/1999<sup>(2)</sup>.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 117, 5.5.1999, bls. 1.“

*2. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 18. desember 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 17. desember 1999.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*N. v. Liechtenstein*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*G. Vik*

*E. Gerner*